



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Samantekt umsagna vegna umræðuskjals nr. 16/2017

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum:

1. Arion banki hf.
2. Íslandsbanki hf.
3. Kvika banki hf.
4. Landsbankinn hf.

Umsagnir aðila sem óska eftir trúnaði er ekki að finna í þessari samantekt. Umræðuskjal nr. 16/2017 varð að almennum viðmiðum og aðferðafræði Fjármálaeftirlitsins vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum

Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
1	Arion banki hf.	Almenn	<p>Arion banki hf. (hér eftir Arion banki eða bankinn) vísar til dreifibréfs Fjármálaeftirlitsins (hér eftir FME eða eftirlitið) til fjármálafyrirtækja dags. 17. nóvember sl. um uppfærð viðmið og aðferðafræði vegna SREP.</p> <p>Almennt fagnar Arion banki því þegar stjórnvöld gefa aðilum kost að koma með athugasemdir og ábendingar áður en tilmæli, reglur og viðmið eru gefinn út. Það er tækifæri fyrir alla hagaðila til að benda á þau atriði sem betur mega fara í drögum stjórnvalda. Það er þó nauðsynlegt að aðilar fái fullnægjandi svigrúm til þess að geta komið að athugasemdum. Bankinn taldi svo ekki vera í þessu tilfelli og óskaði því eftir fresti til skila umsögn til 18. janúar nk. Var FME ekki unnt að veita frestinn og dregur það úr möguleikum bankans til þess að veita ítarlega umsögn. Bankinn telur að það hefði verið jákvætt og uppbyggilegt fyrir FME að fá umsögn sem lagt hefði verið í m.a. með aðkomu viðeigandi sérfræðinga bankans og sérfræðinga um evrópskan bankamarkað, áður en viðmiðin verða færð úr drögum. Á þetta sérstaklega við hina nýju viðauka.</p> <p>Í bréfi FME dags. 1. desember sl. þar sem fresti til að skila athugasemdum er hafnað vekur FME máls á því að um sé að ræða uppfærslu á eldri viðmiðum stofnunarinnar. Telur FME að óverulegar breytingar séu gerðar og að þær teljist ekki íþyngjandi. Þessu getur bankinn ekki verið sammála. Líkt og fram kom í bréfi bankans tekur bankinn efni umræðuskjalsins alvarlega. Einnig kom fram í bréfi bankans að efni skjalsins lúti m.a. að fyrirfram gefnum forsendum eftirlitsins til þess að komast að því hvort eiginfjárgrunnur og lausafjárstýring fjármálafyrirtækja sé fullnægjandi. Að mati bankans eru nokkur þýðingarmikil viðmið ekki fyllilega í anda þeirrar aðferðafræði sem lýst er í skjalinu og er það álit bankans að framkvæmd eftirlitsins á seinustu árum hafi ekki verið í samræmi við texta umræðuskjalsins.</p> <p>Í bréfi FME dags. 1. desember sl. segir: "Eins og fram kemur í SREP viðmiðunum leggur Fjármálaeftirlitið mat á hvort aðferðir bankans séu nægilega ítarlegar, trúverðugar, skiljanlegar og samanburðarhæfar og grípur einungis til sérstakra eiginfjárviðmiða þegar aðferðir bankans eru ófullnægjandi að þessu leyti." Arion banki bendir á að FME er ætlað skv. 2. mgr. 80. gr. laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, að kanna og meta fyrirkomulag og aðferðir fjármálafyrirtækis við mat á áhættu til að uppfylla kröfur laga og stjórnvaldsfyrirmæla. Í 3. mgr. sömu greinar er áfram talað um að mat skv. innri vinnu fjármálafyrirtækja. Í 4. mgr. er síðan kveðið á um að FME ákvarði hvort fyrirkomulag, ráðstafanir og aðferðir fjármálafyrirtækis, ásamt innri ferlum og framkvæmd þeirra séu fullnægjandi o.s.frv. Í viðmiðum FME er fjallað um að telji stofnunin að viðmið fjármálafyrirtækja séu fullnægjandi muni hún einkum leggja þá aðferðafræði til grundvallar við mat á eiginfjárpörf þess. Telji FME að viðmið fjármálafyrirtækis séu ekki fullnægjandi eða viðeigandi</p>

			<p>byggir stofnunin mat sitt fremur á eigin viðmiðum. Þegar horft er til hinna nýju viðauka er það fyrst og fremst framangreint sem bankinn hefur áhyggjur af -- nánar tiltekið, að umræddir viðaukar verði notaðir oftast en tilefni er til, vegna þess að aðferðir bankans hafi ekki fengið ítarlega eða sanngjarna skoðun að hálfu FME. Má þar horfa til orðalagsins að aðferðafræðin verði "einkum" lögð til grundvallar, þess að aðferðafræði FME er ekki fyllilega gagnsæ og að óskýrt sé hvenær FME muni telja að viðmið fjármálafyrirtækis uppfylli ekki að vera fullnægjandi.</p> <p>Undirstrikar bankinn áhyggjur sínar af því að í SREP ferli beinist athugun FME ekki að því að "meta og kanna aðferðir fjármálafyrirtækis" skv. ICAAP ferli bankans, eins og kveðið er á um í lagaákvæði um SREP ferli. Þess í stað gefi FME viðmiðum sínum annað vægi og meira en hægt er að lesa úr lögum.</p> <p>Að mati bankans hljóta viðmið FME að byggja á áhættusniði hvers fjármálafyrirtækis og þar með gögnum frá fyrirtækjunum. Flest viðmið sem lögð eru fram í umræðuskjalinu uppfylla þetta skilyrði ágætlega, t.d. samþjöppunaráhætta (Viðauki I, 2.1 og 2.2) og viðmið fyrir markaðsáhættu (Viðauki II) þar sem niðurstaða viðmiðanna er háð stöðu og áhættu bankans. Bankinn telur skilyrðið ekki uppfyllt fyrir viðmið eftirlitsins fyrir því sem í fyrri samskiptum hefur verið kallað "vanmat staðalaðferðar" en nú nefnist "geographic concentration risk" (kafli 2.3) og ekki heldur fyrir "lán í vanskilum og ívilnanir" (kafli 1.2), að öðru leyti en að vigtum er beitt á viðeigandi fjárhæð skuldbindingaflokka. Nánar verður vikið að kafla 2.3 í umfjöllun um Viðauka I hér fyrir neðan.</p> <p>Bankinn hefur um nokkurt skeið beðið birtingar á SREP-viðmiðum FME. Vonir hafa staðið til þess að umrædd viðmið myndu auka á fyrirsjáanleika og gagnsæi, fyrir bankann og fyrir hagsmunaaðila á markaði. Í svarbréfi FME dags. 1. desember sl. kemur m.a. fram að birting sérstakra eiginfjárviðmiða hafi þann tilgang að auka gagnsæi og fyrirsjáanleika í störfum FME til hagsbóta fyrir fjármálafyrirtæki og viðskiptavinum þeirra. Bankinn telur að FME nái ekki þessu markmiði með umræddri birtingu viðmiða, m.a. vegna þess að erfitt er að átta sig á þeim forsendum og aðferðum sem viðmið eftirlitsins eru grundvölluð á eða undir hvaða kringumstæðum þeim verði beitt í SREP ferli. Bankinn telur einnig að óvissa hafi aukist með breytingum á viðmiðunum og setningu hinna nýju viðauka. Má sem dæmi nefna töflu 3 í viðauka 1 ("vanmat staðalaðferðar"), sem birt er án fullnægjandi rökstuðnings. Vísast nánar til þeirrar umfjöllunar hér að neðan.</p> <p>Á undanförunum árum hefur bankinn lagt umtalsverða vinnu og fjármagn í ICAAP og tekur bankinn ferlið alvarlega. Það er áhyggjuefni að SREP-viðmið muni í auknu mæli ákvarða eiginfjárbindingu bankans þrátt fyrir að faglegt mat bankans liggi fyrir, sérstaklega í þeim tilvikum þegar ekki fæst séð að FME hafi skoðað aðferðir bankans. Bankinn hefur áhyggjur af því að þetta veiki ferlið með því að minnka hvata bankans til</p>
--	--	--	--

			<p>Þess að gefa verkefninu það vægi sem það hefur fengið hingað til. Það er von bankans að umræðuskjal FME boði nýja nálgun í samræmi við texta viðmiðanna. Það væri skaði ef beiting viðmiða yrði án gagnsæis og fyrirsjáanleika.</p> <p>Umsögn þess er sett með þeim fyrirvara að bankinn hafði ekki það svigrúm sem hann taldi sig þurfa að kafa eins djúpt ofan í umræðuskjalið og vilji stóð til. Umfjöllunin er því ekki tæmandi hvað efnisleg atriði varðar.</p>
2	Arion banki hf.	Almenn 3.2.1 gr.	Sjá umfjöllun sem tengist 3.2.1 í almennri umsögn hér að ofan.
3	Arion banki hf.	Almenn 3.3 gr.	<p>Bankinn telur óljóst á textanum í þriðju málsgrein hvaða eiginfjárouka er átt við þegar Pillar II G er ákvarðað.</p> <p>Bankinn bendir á að í þriðju málsgrein er fjallað um "viðeigandi eiginfjárouka". Á framangreint skortir gagnsæi og væri heppilegri framsetning að nefna hvaða eiginfjárouka er átt við.</p>
4	Arion banki hf.	Annex I 1.2 gr.	<p>Varðandi kafla 1.2 Non-performing exposures and forbearance</p> <p>Bankinn hefur metið útlánaáhættu í ICAAP ferli með eigin aðferðum og falla umræddar skuldbindingar undir þá útreikninga. Bankinn hefur vakið athygli á því að samkvæmt aðferðum bankans er ICAAP eiginfjárbinding umræddra skuldbindinga að meðaltali mun hærri en annarra skuldbindinga og geta áhættuvogir verið metnar allt að 900% í útreikningum bankans. Aðferð bankans endurspeglar þá áhættutúlkun sem FME er að reyna að ná fram en með mun nákvæmari aðferð, enda byggir hún á tölfræðilega sterkum líkönnum og gögnum bankans. Með aðferð bankans fá "slæm" lán háa áhættvog og "góð" lán lága áhættvog. Aðferðir FME leiða til hærri bindingar fyrir "slæm" lán án þess að taka tillit til þess að lánasafnið inniheldur að mestu leyti lán í skilum. Það er afar mikilvægt að beiting viðmiða FME taki tillit til þess að áhættuvogir samkvæmt staðalaðferð eru meðaltalsstærðir.</p> <p>Samkvæmt umræðuskjali FME er viðmiðum beitt ef aðferðir bankans reynast ekki vera "nægilega ítarlegar, trúverðugar, skiljanlegar og samanburðarhæfar og grípur einungis til sérstakra eiginfjárviðmiða þegar aðferðir bankans eru ófullnægjandi að þessu leyti." Bent er á að Fjármálaeftirlitið hefur áður beitt umræddum viðmiðum án þess að bankinn fái séð að aðferðir bankans hafi verið skoðaðar.</p>

			<p>Í þeim tilvikum sem beiting viðmiðisins er viðeigandi, þá telur bankinn, líkt og áður hefur verið bent á, að eðlilegra væri að byggja eiginfjárkröfu fyrir umræddar skuldbindingar á alþjóðlega stöðluðum skilgreiningum FINREP skýrslunnar. Skilgreiningar LPA skýrslunnar eru að mati bankans barn síns tíma og ekki í samræmi við skilgreingar sem síðar kynntar í FINREP. Bankinn bendir á að í FINREP-skýrslu er einnig beitt „cross-default“ aðferðafræði þegar það á við. Hin séríslenska LPA skýrsla var þróuð í kjölfar bankahrunsins til þess að mæla árangur bankanna í að vinna úr vanskilum í lánasöfnum sínum, en því verkefni er nú að mestu lokið. Alþjóðleg stöðlun vanskiluppplýsinga í “non-performing exposures and forbearance” hluta FINREP skýrslu ætti að geta leyst LPA skýrslu af hólmi. Frekar en að flétta LPA skýrslu inn í viðmið sín ætti FME, í hagræðingarskyni, að leggja hana niður og horfa til alþjóðlegrar stöðlunar. Í því samhengi má minna á markmið um "single rulebook" á sviði fjármálafyrirtækja.</p>
5	Arion banki hf.	Annex I 1.3 gr.	<p>Varðandi kafla 1.3:</p> <p>Bankinn mótmælir þessari aðferðafræði og telur afar varhugavert að beita algildu varúðarfrádragi á virði veðandlaga án þess að taka tillit til þess hvernig bankinn hefur ákvarðað virðið. Bankinn starfrækir svokallaðar verðmatsnefndir trygginga (með ærnum tilkostnaði) og gefa þær út viðmið um virði og matsaðferðir fyrir mismundandi tegundir trygginga. Áhættustýring bankans á fulltrúa í öllum þessum nefndum og tryggir að tekið sé tillit til varúðarsjónarmiða, sem m.a. taka tillit til erfiðleika og kostnað við að fullnusta tilsvarendi veð.</p> <p>Varúðarfrádrag er háð mörgum þáttum verðmats og hægt er að nefna tilvik þar sem t.d. verðmatsaðferð er mjög þróuð, byggir á mikilli nákvæmni með tilliti til tiltækra gagna eða þar sem varúðarsjónarmið eru mjög ríkjandi. Í slíkum tilvikum væri lítið (og jafnvel ekkert) varúðarfrádrag viðeigandi. Vegna setu sinnar í nefndunum skilur áhættustýring hversu mikilli varfærni er beitt í hinum ýmsu tilvikum og beitir viðeigandi varúðarfrádragi. Ekki fæst séð að töflugildi FME geti komið í stað þessa innsæis og ábyrgðar áhættustýringar.</p> <p>Bankinn vísar svo til "Table 1 Prudent haircuts for valuation of fishing quota". Bankinn telur ekki að nægilegar nákvæmni sé gætt að ætla að setja fram umrædda töflu í viðmiðum sem eru endurskoðuð einu sinni á ári. Að auki er ekki gagnsætt hvernig niðurstöður umræddrar töflu eru fengnar eða hvaða markaðsgagna er horft til við ákvörðun viðmiðanna.</p>
6	Arion banki hf.	Annex I 2.1 gr.	<p>Í viðmiði FME um samþjöppunaráhættu, kafla 2.1, er EAD notað í stað RWA til að reikna HHI stuðul. Bankinn hefur ekki séð EAD notað í þessu samhengi enda óháð áhættu. Hlutfall byggt á RWA tekur tillit til</p>

			<p>útlánaáhættu mótaðila. Sjá t.d. aðferðafræði breska fjármálaeftirlitsins (http://www.bankofengland.co.uk/pru/Pages/publications/sop/2017/p2methodologiesupdate2.aspx) þar sem RWA er beitt. Ef EAD er notað þá leggja t.d. lausafjárinnistæður bankans hjá traustum erlendum fjármálastofnunum jafnmikið af mörkum og innlend fyrirtæki í greiðsluvanda. Bankinn mælir með að mælikvarði með RWA í stað EAD sé notaður.</p>
7	Arion banki hf.	Annex I 2.3 gr.	<p>Í kafla 2.3 "Geographical concentration risk" staðhæfir FME að "Domestic exposures are considered riskier, resulting in higher capital requirements for those institutions that do not use the internal ratings based method", án þess að leggja fram gögn til stuðnings. Líklegt er að lesandi spyrji sig: "Riskier than what?", en af fyrri samskiptum er bankanum kunnugt um að FME vísar til samanburðarlanda í Evrópu. Bankinn hefur ekki fengið aðgang að vanskilasamanburði eða áhættumælikvörðum FME og getur því ekki lagt nauðsynlegt mat á þessi atriði. Einnig vekur athygli að FME skuli taka fram að fjármálastofnanir sem beita innri matsaðferð (IRB) skuli undanþegin þessari hækkun eiginfjárkröfu. Væntanlega á FME við að hækkuð eiginfjárfrafa muni leiða sjálfkrafa af líkönum innri matsaðferðar, en niðurstaða bankans hefur verið allt önnur.</p> <p>Um tveggja ára skeið hefur Arion banki beitt innri matsaðferð til þess að leggja mat á eiginfjárförf vegna útlánaáhættu. Matið hefur leitt í ljós eiginfjárfrafa staðalaðferðar er varfærin og hefur bankinn þannig orðið við beiðni FME um slíka greiningu. Aðferðin, sem FME hefur ekki skoðað eftir því sem bankinn kemst næst, áhættumetur sérhverja áhættuskuldbindingu og getur matið falið í sér hærra eða lægra mat saman borið við meðaltalsaðferð staðalaðferðar. Í innra mati bankans er t.d. algengt að skuldbindingar með ákveðin áhættumerki fái mun hærri áhættuvog (allt að 900%) heldur en viðmið FME kveður á um. Skuldbindingar sem eru metnar sérlega áhættulitlar fá hins vegar lægri áhættuvog en meðaltal. Heildarniðurstaðan sýnir að eiginfjársbinding samkvæmt staðalaðferð er fullnægjandi (fyrir facility credit risk). FME hefur ekki sýnt fram á að aðferð bankans sé ekki "nægilega ítarleg, trúverðug, skiljanleg og samanburðarhæf" eins og gert er ráð fyrir. Til samanburðar þá gefur viðmið FME sömu niðurstöðu fyrir öll lán í sama flokki og getur því ekki talist fullnægjandi ígildi innra mats.</p> <p>Í þessu samhengi hvetur bankinn FME til að taka til athugunar viðmið breska fjármálaeftirlitsins fyrir útlánaáhættu: (http://www.bankofengland.co.uk/pru/Pages/publications/sop/2017/p2methodologiesupdate2.aspx). Í bresku aðferðinni eru viðmið fyrir íbúðalán byggð á veðhlutfalli (e. loan-to-value) en ekki einni meðaltalstölu. Banki með lág veðhlutföll íbúðarlána yrði þannig talinn áhættuminni en annar banki með hærri veðhlutföll og nyti lægri eiginfjárkröfu. Einnig er vísað í nýsamþykktan "Basel 4" staðal, þar sem t.d. íbúðalán með veðhlutfall undir 50% fá 20% áhættuvog. Samkvæmt viðmiðum FME fá slík lán 42% áhættuvog.</p>

			<p>Í ítarlegu minnisblaði bankans til FME dags. 15. desember 2015 benti bankinn á mikilvæga annmarka á þeirri aðferð og þeim forsendum sem FME beitir til að komast að niðurstöðunni sem sett er fram í töflu 3 í kafla 2.3. FME hefur ekki brugðist við athugasemdunum bankans og virðist enn byggja á sömu niðurstöðum sem bankinn telur sig hafa sýnt fram á að séu rangar. Í kafla 2.3 kemur ekki fram rökstuðningur eða gagnsæ umfjöllun um viðmiðið - einungis er sett fram HHI formúla sem tengist ekki aðalniðurstöðunni í töflu 3. Bankinn óskar þess að litið sé á framangreint minnisblað sem hluta af þeim athugasemdum sem hann gerir nú við umræðuskjalið.</p> <p>Til viðbótar vill bankinn koma eftirfarandi athugasemdum að:</p> <p>Að baki ákvörðun um 3% kerfisáhættuauka fyrir íslenskar áhættuskuldbindingar lágu vandlega úrskýrðar forsendur sem snéru að áhættusemi og einsleitni innlendra skuldbindinga. Æskilegt væri að FME útskýrði að hvaða leyti forsendur fyrir hækkuðum áhættuvogum í töflu 3 eru aðrar en þær sem liggja að baki 3% áhættuvog til að eyða áhyggjum af að um tvítalningu sé að ræða.</p> <p>Það er umhugsunarefni hvernig umrætt viðmið spilar inn í samkeppnisumhverfi bankans. Erlendir bankar lána til íslenskra fyrirtækja en samkvæmt niðurstöðu FME eru lán til þeirra aðila áhættusamari en önnur. Mun Arion banki binda meira eigið fé en keppinautar sínir fyrir sömu fyrirgreiðslu. Biður bankinn FME um að íhuga að slíkt fyrirkomulag muni torvelða bankanum að verja bestu eignir sínar fyrir erlendum keppinautum því það mun veikja bankann.</p>
8	Arion banki hf.	Annex II 4.1 gr 4.2 gr.	<p>Í köflum 4.1 og 4.2 er vísað til þess að almenn áhætta (e. general risk) undir Pillar 1 sé dregin frá niðurstöðu VaR útreikninga til ákvörðunar á Pillar 2 bindingu. VaR er reiknað út frá PnL eins og talað er um en markaðshreyfingar eiga sér stað bæði vegna almennrar markaðsáhættu (tiltrú fjárfesta) og sértækri markaðsáhættu (áhætta sem snýr að mótaðilanum). Ef einungis almenna áhættan er dregin frá þá er sértæka áhættan tvítalin, að fullu í Pillar 1 og að fullu í VaR útreikningum. Þetta er einnig í ósamræmi við það hvernig FME hefur beitt þessu viðmiði á undanförunum misserum. Bankinn hvetur FME til að leiðrétta þetta atriði.</p>
9	Arion banki hf.	Annex II 4.2 gr.	<p>Í kafla 4.2 General equity risk er nýtt viðmið kynnt til sögunnar þar sem í reynd eru hlutabréfastöður á veltubók meðhöndlaðar líkt og þær væru á fjárfestingarbók bankans. Rökin eru meðal annars "the permeability of the boundary between trading and banking books and the illiquidity of the Icelandic equity market". Í seinni punktinum eru vissulega rök fyrir því að beita eigi almennt hærri áhættuvogum á hlutabréfastöður á Íslandi</p>

			<p>en skýrir ekki að beita eigi sömu áhættuvogum fyrir íslensk hlutabréf í veltubók og bankabók. Undir fullyrðingu um að skilin á milli veltubókar og bankabókar séu óskýr getur bankinn ekki tekið. Skilin eru skýr hjá Arion banka og hefur verið skilgreint í Markaðsáhættuhandbók ALCO í samræmi við Fundamental Review of the Trading Book: "For the purpose of calculating its capital requirements, the Bank's trading book is defined as the Bank's positions held with trading intent, or in order to hedge positions with trading intent. This is understood to consist of the Bank's proprietary positions and non-strategic derivatives positions arising from the Bank's operations of meeting customers' investment and risk management needs. The trading book also includes hedging positions associated with these derivatives. Instruments in the trading book are at all times kept distinguishable from non-trading instruments." Engin dæmi eru um það á undanförunum árum að eignir hafi verið færðar á milli veltubókar og bankabókar enda væri það í trássi við reglur ALCO auk þess að vera óheimilt samkvæmt bókhaldsreglum. Fullyrðing FME er því ekki rétt í tilfalli Arion banka. Við útreikninga á stöðuáhættu á veltubók er notast við 10 daga tímabil í VaR útreikningum og er það í samræmi við það að engar kvaðir eru á sölu slíkra eigna. Annað gildir um eignir á bankabók þar sem ákvörðun um sölu er háð ákvörðun viðeigandi nefnda eða stjórnenda og veltuhraði er mun minni eðli málsins samkvæmt. Að mati bankans eiga VaR útreikningar (að teknu tilliti til fjölþættingar) fullnægjandi enda eru þeir varfærnir vegna beitingu margföldunarstuðla og gefa þeir af sér hlutfallslega umtalsverða bindingu fyrir þessar eignir.</p>
10	Arion banki hf.	Annex II 5.1 gr.	<p>Í kafla 5.1 um vaxtaáhættu á bankabók (IRRBB) kemur fram setningin "This is a minimum requirement" og er þá verið að vísa í viðmið um 200bp hliðrun frá EBA. Það er rangt að þetta sé lágmarkskrafa og engan veginn í samræmi við eðli slíkra viðmiða eins og lýst er í texta FME. Á einum stað í EBA viðmiðunum er talað um 200bp sem lágmarkskröfu en það er ekki í samhengi við lágmarkseiginfjárkröfur heldur er þar verið að vísa í Article 98(5) í reglugerð 2013/36/EU sem fjallar um það hvenær það er viðeigandi fyrir eftirlitsstofnun að grípa til aðgerða (e. measures) vegna vaxtaáhættu. Viðmið FME eiga ekki að virka sem lágmark heldur eiga þau að vera til hliðsjónar við mat á innri aðferðum bankans í ICAAP. Þessu er lýst vel í umræðuskjalinu þar sem fjallað er um viðmiðin almennt.</p>
11	Arion banki hf.	Annex II 6.2 gr.	<p>Í kafla 6.2 um verðtryggingaráhættu er óljóst hvernig komist er að þeirri niðurstöðu að 1% líkur séu á því að verðhjóðnun á Íslandi verði 3.53%, sérstaklega í ljósi þess að neikvæð verðbólga yfir árstímabil hefur ekki átt sér stað í nútímasögu landsins. Þegar engir gagnapunktur liggja að baki er ljóst að allar tölfræðiniðurstöður í þá áttina eru í raun og veru byggðar á sérfræðimati. Bankinn telur að það sé hætta á verðhjóðnun en 3.53% er ofmat að mati bankans. Bankinn hvetur FME til að skoða sögulegar verðhjóðnunartölur í Japan og Evrópu og bera saman við viðmiðið. Hafa þarf til hliðsjónar það mikla svigrúm</p>

			sem Seðlabanki Íslands hefur til þess að lækka vexti, sem væri eðlileg mótvægisáðgerð ef hagkerfið stæði frammi fyrir slíkri verðhjöðnun.
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
12	Íslandsbanki hf.	Almenn	<p>Íslandsbanki hf. þakkar fyrir að fá tækifæri til að koma á framfæri umsögn við umræðuskjal nr.16/2017. Eftirfarandi eru athugasemdir og ábendingar frá bankanum.</p> <p>Í 143. grein d) tilskipunar 2013/36/EU eru settar fram kröfur á eftirlitsaðila um að birta samandregin tölfræðigögn (e. aggregate statistical data) vegna helstu atriða sem meðal annars leiða til aukinnar eiginfjárkröfu á fjármálafyrirtæki. Bankinn telur að þessar kröfur séu ekki uppfylltar fyrir útreikninga í öllum undirlíðum í viðaukum I og II þrátt fyrir að í einhverjum tilfellum sé verið að leggja fram verulega íþyngjandi kröfur.</p>
13	Íslandsbanki hf.	Almenn 3.3 gr.	<p>Í kaflanum segir:</p> <p>"Þegar niðurstöður álagsprófa gefa til kynna að eigið fé fjármálafyrirtækis geti lækkað umfram það sem verndunaraukanum, sem og öðrum viðeigandi eiginfjárukunum nemur, getur Fjármálaeftirlitið sett fjármálafyrirtækinu sérstakt eiginfjárviðmið til að mæta erfiðum aðstæðum, sem ekki er hluti af heildarkröfu um eiginfjárgrunn."</p> <p>Bankinn vill koma eftirfarandi á framfæri:</p> <p>- Hér er óljóst hvað er átt við með "öðrum viðeigandi eiginfjárukunum". Samkvæmt grein EBA/CP/2017/18 þá kemur fram að um sveiflujöfnunaraukan er að ræða í hverju tilviki fyrir sig og hreinlegast væri að það kæmi skýrt fram frekar en að ýja að því að fleiri eiginfjárukar komi til greina.</p>
14	Íslandsbanki hf.	Annex I 1.2 gr.	<p>Í kafla 1.2 þar sem fjallað er um lán sem hafa fengið umlíðun eða eru „non-performing“ velur Fjármálaeftirlitið að miða við heimasmiðaðar og ósamanburðarhæfar skilgreiningar úr séríslensku LPA skýrslunni. Mikil áhersla hefur undanfarið verið lögð á að innleiða breytingar á FINREP skýrslunni en fyrir þá skýrslu eru til alþjóðlegar, opinberlega birtar og aðgengilegar skilgreiningar á non-performing lánum og umlíðun. Vænlegra væri að miða aukna eiginfjársbindingu vegna umlíðana og non-performing lána við samræmdar FINREP skilgreiningar, frekar en að gefa í skyn að það gæti gerst síðar.</p>

15	Íslandsbanki hf.	Annex I 1.3 gr.	<p>Í kafla 1.3 er fjallað um verðmatsaðferð á útlánum sem kemur ekki heim og saman við reikningskilastaðalinn IFRS 9. Af þeim sökum reiknar bankinn ekki með því að nokkurn tíma muni reyna á þetta viðmið. Ef Fjármálaeftirlitið kys að halda þessum kafla inni þarf að skýra hugtök og skammstafanir sem koma fram í sýnidæmi, t.d. CV og BV.</p>
16	Íslandsbanki hf.	Annex I 1.5 gr.	<p>Í kafla 1.5 er HVCRE skilgreint. Skilgreiningin þarf vera skýrari og þá sérstaklega eftirfarandi atriði.</p> <ul style="list-style-type: none"> • Eingöngu er talað um atvinnuhúsnæði (commerical real estate) sem er ekki ótvíræð flokkun. Myndi bygging íbúðablokka (til sölu eða útleigu á íbúðarhúsnæði) ekki flokkast undir HVCRE? • Fyrir hluta a) er viðmiðunarfjárhæð fyrir "value" ekki skilgreind, þ.e. hvort miða skuli við áætlað söluverð eða heildarbyggingarkostnað og þá með eða án vaxtakostnaðar. • Fyrir hluta b) þá er krafan um að eiginfjárframlag þurfi að vera í formi reiðufjár þrengri heldur en almennt gengur og gerist fyrir skilgreiningu á HVCRE (samanber t.d. tillögu að lögum í Bandaríkjunum), en oftast er einnig heimilt að eiginfjárframlag sé í formi auðseljanlegra eigna. Samkvæmt skilgreiningu FME mætti ekki telja landið sem byggt er á sem verktaki leggur til framkvæmdarinnar og átti skuldlaust með sem eiginfjárframlag.
17	Íslandsbanki hf.	Annex I 2.1 gr.	<p>Í kafla 2.1 er ekki gerð tilraun til að rökstyðja af hverju margföldunarstuðullinn 1,96 ætti að vera viðeigandi á Íslandi. Getur verið að það eigi eftir að margfalda útkomuna úr K_{SN} með 8%?</p> <p>Það er hægt að mæla verðmæti áhættuskuldbindinga með mismunandi hætti og skilgreiningin "EAD = Value of exposure" nægir ekki til að skera úr um hvaða mælingu sé viðeigandi að nota hér.</p> <p>Taka þarf fram hvort áhættuskuldbindingar í vanefndum telji með fyrir ofan strik.</p> <p>Það kemur ekki fram nein skilgreining á n sem segir til um hversu margar áhættuskuldbindingar skuli teknar með í reikninginn.</p> <p>Ekki kemur fram hvort EAD_i skuli reiknað lán fyrir lán, lánþega fyrir lánþega eða jafnvel fyrir hóp tengdra viðskiptavina.</p>
18	Íslandsbanki hf.	Annex I 2.2 gr.	<p>Í kafla 2.2 þurfa að koma fram viðmið um hvað sé hæfilegur fjöldi geira á Íslandi. Útkoman er verulega háð því hvort stuðst sé við $n=5$ eða $n=50$. Í summunni er breytan kölluð n en í skilgreiningunni er skrifaði n_i sem er líklega ritvilla því n er ekki háð i.</p>

			Þá mætti skilgreina betur hvað sé „significantly different“. Einnig er óskýrt hvernig meta eigi aukið eiginfjárframlag sé þess talin þörf.
19	Íslandsbanki hf.	Annex I 2.3 gr.	Í hluta 2.3 þyrfti að skýra betur hvernig meta á eiginfjárframlagið ásamt skýrari rökstuðningi fyrir aðferðarfræði. Ekki er tekið fram hvernig meta eigi aukið eiginfjárframlag út frá landa-sambjöppunaráhættu samkvæmt HHI stuðlinum líkt og gert er í köflunum á undan (að undanskyldum hluta 2.2). Seinnihluti kafla 2.3 virðist ótengdur HHI stuðlinum að ofan og birtist í skjalinu eins og þruma úr heiðskýru lofti. Ekki er greint frá því hvernig Tafla 3 er fundin né hvernig nota eigi niðurstöðu töflunnar við að meta aukið eiginfjárframlag.
20	Íslandsbanki hf.	Annex I 2.3 gr.	Í kafla 2.3 um landfræðilega sambjöppunaráhættu er í einni og hálfri línu og einni töflu laumað inn verulega íþyngjandi viðmiði sem eitt og sér getur haft meiri fjárhagsleg áhrif en allt annað efni í skjalinu til samans. Íslandsbanki skorar á Fjármálaeftirlitið að birta opinberlega rökstuðning og útleiðslu á viðmiðinu sem birtist í Töflu 3. Sá rökstuðningur þyrfti að lágmarki að útskýra (1) hvers vegna þessi viðbótareiginfjárbinding leiðir ekki til tvítalningar á sömu áhættu og tekið er á í kerfisáhættuauka, (2) hvers vegna þessi viðbótareiginfjárbinding leiðir ekki til tvítalningar á sömu áhættu og fjallað er um í 1. kafla í þessum sama viðauka og (3) hvaða aðferð var beitt og hvaða forsendur notaðar við að leiða út prósenturnar í Töflu 3.
21	Íslandsbanki hf.	Annex II 3. gr.	- Í leiðbeinandi SREP tilmælum (EBA/GL/2014/13) grein 209 kemur fram: "For those institutions using internal approaches to calculate their regulatory own funds requirements, competent authorities should also consider the following indicators to identify particular risk areas and related risk drivers". Því er það skilningur Íslandsbanka að Fjármálaeftirlitið skuli taka til greina SVAR, VaR og margfeldisstuðla (e. multiplication factors) í þeim tilfellum þegar bankar styðjast við innramats aðferð. Að öðrum kosti skuli styðjast við þær aðferðir sem er lýst í greinum 205-208 og 210-211. Því vekur það athygli að Fjármálaeftirlitið skuli að svo miklu leiti styðjast við innrimats aðferðir þegar banki gerir það ekki.
22	Íslandsbanki hf.	Annex II 4. gr.	Samkvæmt skjalinu eru viðmið Fjármálaeftirlitsins fyrir markaðsáhættu í veltubók aðallega byggð á innramats aðferð fyrir markaðsáhættu (IMA) eða s.k. VaR og stressed VaR útreikningum. Fjármálaeftirlitið nefnir jafnframt að til að auka áhættunæmi í Pillar 2 matinu þá hundsí sum viðmiðin raunverulegar stöður og noti eingöngu flökt í daglegum P&L gögnum sem grunn að áhættumatinu. - Íslandsbanki telur að með því að nota ekki mörk eða stöður við mat á Pillar 2 fyrir markaðsáhættu í veltubók sé horft framhjá væntri áhættu sem er fólgin í ákvarðanatöku hjá fyrstu varnarlinu. Íslandsbanki telur nauðsynlegt að taka mið af raunverulegum stöðum, væntum stöðum og/eða þeirra marka sem ná utan um stöðuna sem um ræðir.

			<p>- Talað er um að aðferðin byggji á flökti í daglegum P&L gögnum, en í reynd byggir hún ekki á flöktinu sjálfu heldur sögulegum einfaragildum tiltekinnar P&L gagnarunu. Hefðbundin VaR líkön byggja á stöðum og verðrunum og P&L gögn eru svo notuð til að "backtest-a" líkönin. Benda má á að það að hundsa stöðurnar sjálfar getur í e-m tilvikum leitt til vanmats á áhættu. VaR útreikningur sem tekur mið af stöðum getur þannig skilað háu gildi á degi sem staðan er há, en ef lítið tap er þann daginn telur það ekkert inn í P&L VaR röðina þrátt fyrir undirliggjandi áhættu í safninu.</p> <p>- Íslandsbanki telur vert að nefna að almennt eru gerðar mjög strangar kröfur til notkunar á líkönum hjá þeim bönkum sem styðjast við innramats aðferð fyrir markaðsáhættu. Bankinn telur að útreiknuð niðurstaða úr slíkum líkönum sé verulega háð þeim forsendum sem notast er við og það geti leitt til ógagnsæi í mati á eiginfjárförf að treysta um of á slíkar aðferðir. Bankinn telur að mögulega séu einfaldari aðferðir (t.d. í líkingu við staðalaðferðina skv. Pillar 1, vænta nýja staðalaðferð skv. FRTB eða s.k. "Simple Risk Weight Approach" líkt og fjallað er um í viðmiðunum) hentugri, sér í lagi fyrir íslenskan markað. Slíkar aðferðir eru auðskiljanlegri, gagnsærri og samanburðarhæfari milli tímabila og því hentugri undirstaða fyrir mat á eiginfjárförfu, þó að vissulega geti VaR útreikningar og líkön verið gagnleg sem hliðarviðmið til að skilja og greina áhættu af undirliggjandi starfsemi.</p>
23	Íslandsbanki hf.	Annex II 4.2 gr.	<p>Þarna er fjallað um tvær aðferðir sem viðmið FME, annars vegar s.k. "Risk Weight Method" þar sem frá er dregin bæði "general" og "specific" áhætta og svo s.k. "VaR and Stressed VaR" aðferð þar sem bara er dregin frá "general" áhætta. Hins vegar er engin umfjöllun um hvora aðferðina FME hyggst styðjast við, né heldur hvað gert er ef niðurstaðan úr þessum aðferðum skilar verulega ólíkum tölulegum niðurstöðum.</p> <p>- Ekki eru færð sérstök rök fyrir þeim áhættuvogum sem notaðar eru í s.k. "Risk Weight Method" að öðru leyti en að vísa í reglur EU/575/2013 um IRB aðferð fyrir útlánaáhættu.</p>
24	Íslandsbanki hf.	Annex II 5.1 gr.	<p>Ekki kemur fram í lýsingu aðferðarinnar hvaða gögn eru notuð og yfir hvaða tímabil til að reikna hliðranir sem eru notaðar í viðmiðum FME.</p>
25	Íslandsbanki hf.	Annex II 6.2 gr.	<p>- Ekki kemur fram í lýsingu aðferðarinnar hvaða gögn eru notuð og yfir hvaða tímabil. Í könnunar og matsferli FME fyrir árið 2017 kemur fram að viðmið FME nemi 3,85% af jákvæðum verðtryggingarjöfnuði, en í lýsingunni hér er talað um 3,53%.</p>

			<p>- Það mætti koma fram í aðferðarlýsingu hvaða gögn eru notuð, tímanleiki þeirra (daglega, mánaðarleg o.s.frv.), yfir hvaða tímabil og hvaða aðrar forsendur eru notaðar (s.s. varðandi undirliggjandi líkan, skölun o.s.frv.).</p> <p>- Með því að birta eiginfjárkröfu sem hlutfallstölu með 2 aukastöfum gefur það til kynna meiri nákvæmni í matinu heldur en hægt er að gera ráð fyrir.</p>
26	Íslandsbanki hf.	Annex III 3. gr.	<p>3. kafli Systemic risk buffer. Í 5. málsgrein kaflans er fjallað um útreikning á virkum kerfisáhættuauka þegar hann á eingöngu við um innlendar eignir. Þar er notað hugtakið credit risk exposure, sem er eðlilegast að túlka sem óáhættuvegnar áhættuskuldbindingar. Í könnunar- og matsferli Fjármálaeftirlitsins kom fram að þessi eiginfjáruki var reiknaður út frá hlutfalli áhættuvegina eigna (Risk exposure amount). Best væri að samræmi væri þarna á milli og að leiðbeiningarnar væru settar fram á þannig að komið sé í veg fyrir mistúlkanir.</p>
27	Íslandsbanki hf.	Annex III 4. gr.	<p>4.kafli Countercyclical capital buffer. Hér er einnig notað hugtakið Credit risk exposure og því á sama ábendingin við og hér að ofan.</p>
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
28	Kvika banki hf.	Almenn	<p>Kvika vísar til sjónarmiða bankans gagnvart könnunar- og matsferli 2017 (SREP), dags. 20. október 2017, sem send voru Fjármálaeftirlitinu í tengslum við drög að SREP skýrslu Fjármálaeftirlitsins.</p> <p>Hér á eftir eru tekin upp helstu sjónarmið sem við eiga, en þar sem viðaukar sem fylgja umræðuskjalinu útlísta að mestu leyti svipað aðferðafræði sem beitt var við mat á eiginfárþörf bankans í SREP ferli 2017 ítrekar bankinn öll sjónarmið sem send voru vegna þess.</p>
29	Kvika banki hf.	Annex I 1.1 gr.	<p>Kvika gerir almennt ekki athugasemd við aukna eiginfjárbindingu vegna eignarhaldsfélaga með lítið reglulegt sjóðstreymi, sbr. kafli 1.1. í viðaukanum, enda er það í samræmi við aðferðafræði bankans í ICAAP. Bankinn telur hins vegar nálgun FME of mikla einföldun. Nánar tiltekið tekur bankinn ekki undir að auka eigi eiginfjárbindingu í tilfellum þar sem auðseljanlegar eignir, sem eru í vörslu hjá bankanum, eru til tryggingar skilvísnum greiðslum. Sér á lagi á þetta við þegar tilgangur fyrirgreiðslu er fjármögnun á skráðum verðbréfum, þar sem tryggingarígildi undirliggjandi bréfa er vel umfram skuldir, bankinn hefur aðfarar- og gjaldfellingarheimild ef tryggingarstaða fer undir viðmið og fyrirgreiðslan er í virku rauntíma eftirliti hjá</p>

			<p>áhættustýringu. Í slíkum tilvikum ræðst áhætta af virði og áhættu tengdri undirliggjandi bréfum (veði) en ekki af sjóðstreymi eignarhaldsfélagsins.</p> <p>Í öllu falli ætti að vera skýrt að í tilviki veðlána til eignarhaldsfélaga sé eiginfjárbinding reiknuð út frá viðmiðum í kafla 1.3. frekar en kafla 1.1.</p>
30	Kvika banki hf.	Annex I 1.3 gr.	<p>Varðandi kafla 1.3. bendir Kvika á að skilgreiningu á hvenær mál fellur undir þennan kafla er að mati bankans ekki nægjanlega skýr. Sömuleiðis er ekki á hreinu hvort sömu lánamál getur fallið undir eiginfjárkröfur samkvæmt kafla 1.3. og á sama tíma kallað á bindingu samkvæmt kafla 1.1 og/eða 1.5.</p>
31	Kvika banki hf.	Annex I 1.5 gr.	<p>Í kafla 1.5. er ekki skilgreint hvort mál sem fellur undir kafla 1.1. og/eða 1.3 líka geti líka fallið undir undir kafla 1.5. Ýkt dæmi væri eignarhaldsfélag um fasteignir þar sem virði lánsins er metið út frá tryggingum.</p>
32	Kvika banki hf.	Annex I 2.2 gr.	<p>Varðandi kafla 2.2. telur bankinn ekki nægilega skýrt hvaða dreifing er notuð sem viðmið og hvað teljast vera „significant“. Einnig er ekki skýrt á grunni hvaða stigs sundurliðunar atvinnugreinar þessi samþjöppunarmæling fer fram, þ.e. hvort nota eigi bálka/deildir/flokka samkvæmt ISAT skilgreiningum Hagstofu Íslands.</p>
33	Kvika banki hf.	Annex I 2.3 gr.	<p>Bankinn telur kafla 2.3. illa rökstuddan og að ekki sé tekið nægilegt tillit til eiginfjárauka og innleiðingu IFRS 9. Án frekari rökstuðnings telur bankinn þetta valda tvítalningu eða jafnvel þrítalningu á áhættu/niðurfærsluþörf.</p>
34	Kvika banki hf.	Annex I 4.1 gr. 4.2 gr.	<p>Varðandi kafla 4.1 og 4.2.</p> <p>Mat FME á verð-/vaxtaáhættu tekur ekki tillit til þess hvernig safnið er/var samsett á hverjum tíma né hversu stórt það er/var á hverjum tíma, heldur eru stærstu krónutölutöp síðustu ára lögð til grundvallar og umbreytt í hlutfallslega eiginfjárbindingu miðað við heildarstærð áhættugrunns. Hlutfallið sem þannig finnst er án tillit til sögulegrar samsetningar áhættugrunns og gert að grundvelli eiginfjárbindingar til framtíðar, óháð framtíðarsamsetningu áhættugrunns.</p> <p>Bankinn telur þessa aðferðafræði FME orsaka bindingu vegna sögulegrar áhættu en ekki vegna raunáhættu í starfsemi á hverjum tíma. Söguleg töp mun þannig vera bindandi fyrir bankann og tekur aðferðafræðin ekki</p>

			<p>nægjanlega tillit til breytts áhættuvilja eða áhættuminni starfsemi. Ýkt dæmi um þetta væri t.d. ef banki myndi verða fyrir eiginfjárbindingu vegna fjárfestingar í veltubók jafnvel þó starfsemi veltubókar væri lögð af.</p> <p>Auk þess telur bankinn aðferðafræði FME við útreikning á SVaR ekki vera í samræmi við skilgreiningu sem sett er fram í EBA Guidelines on Stressed Value at Risk, þar sem sögulegt Volatility er notað á núverandi safn. Í aðferðafræði FME er söguleg krönutöþ/hagnaður hinsvegar notuð beint án tillits til núverandi samsetningar.</p> <p>Bankinn telur auk þess ekki nægjanlega skýrt hvenær FME ætla að nota Simple Risk Weight Approach og hvenær eftirlitið mun styðjast við Historical VaR.</p> <p>Bankinn gerir alvarlega athugasemd við að aðferðafræði FME tekur ekki tillit til starfsemi viðskiptavaka. Bankinn telur það mikið alvörumál að íþyngjandi aðgerðir eftirlitsins fyrir markaðinn í heild kunni að valda því að markaðurinn grynki og seljanleiki versni þar sem viðskiptavakt svarar ekki lengur kostnaði sökum eiginfjárbindingar. Bankinn óska eftir að Fjármálaeftirlitið setji viðmið vegna starfsemi viðskiptavaka.</p>
35	Kvika banki hf.	Annex I 5.1 gr.	<p>Í mati á vaxtaáhættu í fjárfestingabók í kafla 5.1. skortir á að tekið sé tillit til líftíma lánasafns, við mat á því hve mikla hliðrun skuli reikna á óverðtryggðum krónuvöxtum. Það er ekki heldur tekið tillit til þess að aðferðafræði FME er almennt ekki talin nægjanlega nákvæm við hliðrun af þeirri stærðagráðu sem FME telur nauðsynlega.</p>
Nr.	Nafn umsagnaraðila	Tilvísun	Umsögn
36	Landsbankinn hf.	Almenn 3.3 gr.	<p>Á hvaða grunni sérstakt eiginfjárviðmið Fjármálaeftirlitsins byggt, þ.e. með tilvísun til umfjöllunar í leiðbeiningum EBA?</p>
37	Landsbankinn hf.	Annex I 1.5 gr. a.	<p>Hér þarf að útfæra nánar þar sem óljóst er við hvað er miðað til að reikna LTV. Er það t.d. heildar kostnaður verkefnisins (framkvæmdavirði), áætlað söluvirði (markaðsvirði) eða annað?</p>
38	Landsbankinn hf.	Annex I 1.5 gr. b.	<p>Óljóst hvað heimilt er að reikna sem reiðufé (e. cash) í þessu samhengi, t.d. ef lánþegi kaupir lóð fyrir reiðufé og leggur inn í verkefnið, reiknast það þá sem reiðufé?</p>

39	Landsbankinn hf.	Annex I 1.5 gr. b.	Óljóst hvað átt er við með hugtakinu "as completed" value, er það framkvæmdavirði, áætlað söluvirði eða eitthvað annað?
40	Landsbankinn hf.	Annex I 1.6 gr.	Það er óheppilegt að FME byggi aðferðarfræði sína á umræðuskjali Basel nefndarinnar. Niðurstöðurnar geta tekið breytingum, bæði hjá Basel nefndinni sjálfri og við innleiðingu í evrópsk lög.
41	Landsbankinn hf.	Annex I 1.6 gr.	Landsbankinn hvetur FME til að birta þá greiningu sem hér er vísað í enda ekki eðlilegt að vísa í óbirta innanhúss greiningu sem rökstuðning fyrir beitingu ákvæðis.
42	Landsbankinn hf.	Annex I 2. gr.	Í þessum kafla vantar skilgreiningu á því hvernig vega á saman samþjöppunaráhættu ólíkra þátta, sbr. 150 gr. GL on common procedures and methodologies for SREP.
43	Landsbankinn hf.	Annex I 2.1 gr.	M.v. skilgreiningu á EADi virðist eiga að reikna HHI fyrir einstök útlán en ekki einstaka viðskiptavini eins og eðlilegt væri að gera þegar um samþjöppunaráhættu er að ræða
44	Landsbankinn hf.	Annex I 2.1 gr.	EADNet er ekki skilgreint.
45	Landsbankinn hf.	Annex I 2.1 gr.	Ekki liggur fyrir samkvæmt textanum hvenær material concentration er til staðar og erfitt að vinna með svo matskennd ákvæði. Hér væri eðlilegra að birta þann HHI stuðul sem FME miðar við.
46	Landsbankinn hf.	Annex I 2.2 gr.	Óljóst hvenær significantly more than generally in the market skilyrðið er uppfyllt. Hér þarf að skilgreina nánar og setja viðmið sem hægt er að miða við, en byggja á svo matskenndum mælikvarða.

47	Landsbankinn hf.	Annex I 2.2 gr.	Umfjöllun í þessum kafla er mjög takmörkuð. Til dæmis er ekki skilgreint hvernig útreikningur á viðbótareiginfjárbindingu fer fram í þessu tilviki.
48	Landsbankinn hf.	Annex I 2.3 gr.	Annað hvort er HHL_{GC} jafnan ekki rétt eða skilgreiningin á s_i er röng.
49	Landsbankinn hf.	Annex I 2.3 gr.	Samhengi á milli niðurstöðu HHI útreiknings og áhættuvoga í töflu 3 er ekki ljóst, og ekki mögulegt að sjá hvernig á að meta áhættu miðað við upplýsingar í kaflanum.
50	Landsbankinn hf.	Annex I 2.3 gr.	Ekki er að finna neinn rökstuðning fyrir áhættuvogunum í töflu 3.
51	Landsbankinn hf.	Annex I 2.3 gr.	Vantar rökstuðning fyrir hvers vegna FME telur sig þurfa að auka áhættuvogir innlendra útlána með kerfisbundnum hætti, sbr. töflu 3, þegar kerfisáhættuauka er ætlað að taka á kerfisbundinni innlendri áhættu.
52	Landsbankinn hf.	Annex I Almennt	Ekki er ljóst hvernig Y spilar saman við eigið mat bankans. Einnig er óljóst hvað gildir fyrir banka sem hafa fengið heimild fyrir beitingu innramatsaðferðar. Að lokum virðast Y gildin ekki vera í samræmi við áhættuvogir í töflu 3, og því virðist vera um tvítalningu að ræða.
53	Landsbankinn hf.	Annex I 1 gr.	Hér vantar nánari rökstuðning. Var gert ráð fyrir þessari framkvæmd í staðalaðferð? Staðalaðferð er ætlað að ná yfir meðaláhættu, enda er henni beitt jafnt á breiða áhættuflokka. Sú aðferð gerir ráð fyrir því að sumir áhættuflokkar hafi áhættu umfram meðaltalið og aðrir áhættuþættir hafi minni áhættu en meðaltalið. Er því ekki hér verið að ganga of langt í tengslum við markmið og tilgang staðalaðferðar þannig að handvaldir eru áhættuflokkar með áhættu yfir meðaltali án þess að tekið sé tillit til áhættuflokka sem hafa áhættu undir meðaltali. Hvað segir CRR um þetta? Er þetta almenn aðferðafræði í SREP ferli erlendis?

54	Landsbankinn hf.	Annex I 1.1 gr.	Vantar rökstuðning fyrir þessari fullyrðingu. Það er ekkert að finna í tilvitnuðum gögnum sem styður þessa túlkun og það er ekki reynsla bankans að eignarhaldsfélög sem fá fé frá dótturfélögum sínum standi verr við skuldbindingar sínar en önnur félög.
55	Landsbankinn hf.	Annex I 1.1 gr.	Vantar rökstuðning fyrir þessu. Af hverju er 150% valið? Af hverju er ekki tekið tillit til trygginga sem eru að veði? Ekki verður séð að þetta eigi sér stoð í tilvitnuðum gögnum.
56	Landsbankinn hf.	Annex I 1.1 gr.	Mjög matskennt og erfitt fyrir banka að bregðast við skoðun FME hverju sinni, ef ekki er gefið út viðmið sem hægt er að styðjast við. Eins virðist hér ekki litið til þess hvort viðkomandi viðskiptamaður sé í skilum eða ekki.
57	Landsbankinn hf.	Annex I 1.1 gr. a.	Ekki ljóst hvers vegna er fjallað um parent company hér. Er gengið út frá því að eignarhaldsfélag sé líka móðurfélag? Eða er verið að ganga út frá því að móðurfélag eignarhaldsfélags hafi yfir nægu fjármagni að ráða?
58	Landsbankinn hf.	Annex I 1.1 gr. a.	Hvernig er cash flow skilgreint? Er hér horft til vænts sjóðstreymis út frá áætlunum móðurfélagsins, sögulegs sjóðstreymis skv. ársreikningum móðurfélagsins eða má byggja þetta á mati bankans? Er verið að ganga út frá arðgreiðslum dótturfélaga eða föstum rekstrartekjum?
59	Landsbankinn hf.	Annex I 1.1 gr. a.	Hvernig er debt skilgreint? Er hér horft til þess að sjóðstreymi dugi til að greiða samningsbundnar greiðslur eins og þær eru settar fram í skilmálum lána? Er horft til greiðslur næsta árs eða út líftíma lána?

60	Landsbankinn hf.	Annex I 1.1 gr. b.	Ef dótturfélög í fullum rekstri, ekki í vanskilum og með nægan afgang af rekstri verður ekki séð hvernig þetta stenst. Er þá dótturfélagi t.d. óheimilt að fjárfesta í húsnæði undir starfsemi sína jafnvel þótt slíkt sé hagstæðara en t.d. leiga húsnæðis?
61	Landsbankinn hf.	Annex I 1.2 gr.	<p>Varðandi útreikning á viðbótareiginfjárkröfu, K:</p> <p>Útreikningur á viðbótareiginfjárkröfu (K) byggir eingöngu á bókfærðu virði lána. Skv. því er ekki tekið tillit til útlánamildunar með notkun útlánavarna í samræmi við reglugerð 233/2017 og reglugerð EU 575/2013. Gerð er athugasemd við þennan útreikning og bent á að rétt sé að taka tillit til mildunar útlánaáhættu í samræmi við gildandi reglur.</p> <p>Hér er tilefni til að benda sérstaklega á að ekki er gerður neinn greinarmunur á tegund útlánavarna í þessu samhengi, útlánavörn getur því talist vera hvaða útlánavörn sem telst hæf skv. kafla 4 í reglugerð EU 575/2013.</p> <p>Jafnframt er vísað í skjal frá EBA , SREP Guidelines (bls. 71, nr. 171 í 2014 útgáfu bls. 93, nr. 193 í nýjum drögum), þar sem sérstaklega er kveðið á um að horfa til virði trygginga við mat á áhættu.</p>
62	Landsbankinn hf.	Annex I 1.3 gr	Vantar að skilgreina "regular operations". Hvernig ber að túlka þetta gagnvart einstaklingum?
63	Landsbankinn hf.	Annex I 1.3 gr	<p>Varðandi „irrespective of performing status” :</p> <p>Það er óeðlilegt að FME setji inn skilyrði um viðbótareiginfjárbindingu út frá mismun á bókfærðu virði lána og reiknuðu virði áætluðu út frá virði trygginga ef lán eru í skilum. Lán sem teljast vera í skilum (e. performing) fá virðisrýrnun (e. impairment) sem miðast við vænt útlánatap, annað hvort til 12 mánaða eða út líftíma lána. Hér er vísað til IFRS 9 sem tekur gildi frá og með 1.janúar 2018. Rökin eru enn sterkari gegn þessu ef horft er á núverandi staðal, IAS 39, sem gerir kröfu um orðið tap. En eðli samkvæmt getur slíkt ekki átt við um lán sem eru í skilum (performing).</p> <p>Þess utan er bent á að undir lið 1.2 falla lán sem geta verið í skilum (performing) en teljast uppfylla skilyrði um hærri áhættuvog vegna viðbótarskilyrða sem FME setur fram. Hér er því verið að taka á sama hópi lána undir öðrum lið sem getur leitt til tvítalningar.</p> <p>Því er réttast að þessi hluti eigi aðeins við um lán þar sem bókfært virði er sannarlega byggt á virði trygginga og aðeins um lán sem teljast vera í vanefnd (e. non-performing).</p>

64	Landsbankinn hf.	Annex I 1.3 gr	Sett er fram frádrag (e. haircut) fyrir mismunandi tegundir kvóta, en ekki kemur fram hvert sé mat FME á frádrag á fiskiskip. Falla þau undir „Other pledged assets“ í töflunni að ofan eða ætti að tiltaka það sérstaklega? Eins er órökstutt hvernig frádrag er reiknað út fyrir hverja tegund kvóta, þ.e. á hverju mismunandi frádragsprósentur eru byggðar.
65	Landsbankinn hf.	Annex I Almennt	Eru ekki sett nein fjárhæðarmörk varðandi hvaða hópur af viðskiptavinum getur fallið undir þessar skoðanir? Sumt er t.d. sett fram á svo óskýran hátt að ekki er ljóst hvort eigi aðeins við um fyrirtæki eða stærri fyrirtæki eingöngu eða jafnvel alla viðskiptavini.
66	Landsbankinn hf.	Annex I 1.4 gr	Varðandi útreikning á viðbótareiginfjárkröfu, K: Útreikningur á viðbótareiginfjárkröfu (K) byggir eingöngu á bókfærðu virði lána. Skv. því er ekki tekið tillit til útlánamildunar með notkun útlánavarna í samræmi við reglugerð 233/2017 og reglugerð EU 575/2013. Gerð er athugasemd við þennan útreikning og bent á að rétt sé að taka tillit til mildunar útlánaáhættu í samræmi við gildandi reglur. Hér er tilefni til að benda sérstaklega á að ekki er gerður neinn greinarmunur á tegund útlánavarna í þessu samhengi, útlánavörn getur því talist vera hvaða útlánavörn sem telst hæf skv. kafla 4 í reglugerð EU 575/2013. Jafnframt er vísað í skjal frá EBA , SREP Guidelines (bls. 71, nr. 171 í 2014 útgáfu bls. 93, nr. 193 í nýjum drögum), þar sem sérstaklega er kveðið á um að horfa til virði trygginga við mat á áhættu.
67	Landsbankinn hf.	Annex II 1. gr. 5.2 gr.	Fyrir hlutabréfaáhættu utan veltubókar (e. equity risk in the Banking book), þá tilheyrir Pillar 1 útlánaáhættu. Af hverju er Pillar 2 þá undir markaðsáhættu?
68	Landsbankinn hf.	Annex II 4.1 gr.	Þetta er ekki í samræmi við skjal frá BCBS, 'Revisions to the Basel II market risk framework', frá febrúar 2011. Þar kemur fram (bls.21, punktur (k)) að leggja eigi saman VaR og Stressed VaR.

69	Landsbankinn hf.	Annex II 4.2 gr.	<p>Þetta er ekki í samræmi við skjal frá BCBS, 'Revisions to the Basel II market risk framework', frá febrúar 2011.</p> <p>Þar kemur fram (bls.21, punktur (k)) að leggja eigi saman VaR og Stressed VaR.</p>
70	Landsbankinn hf.	Annex II 5.1 gr.	<p>EBA mælir með 0% vaxtagólfi þegar vaxtakúrfum er hliðrað.</p> <p>Vantar ekki að tiltaka það í tilmælum FME í þessum viðauka?</p> <p>Útskýra mætti nánar hvernig beita ætti gólfinu, t.d. þegar vextir eru nú þegar neikvæðir (t.d. í gjaldmiðlunum EUR og SEK).</p> <p>Viðaukinn er ekki í samræmi við aðalskjalið, 'Almenn viðmið og aðferðafræði vegna könnunar- og matsferlis hjá fjármálafyrirtækjum'. Þar segir um Fastvaxtaáhættu í grein 2.4.3:</p> <p>'Fjármálaeftirlitið leggur mat á gæði stýringar fjármálafyrirtækis á fastvaxtaáhættu. Skoðuð eru áhrif þess að hliðra viðeigandi vaxtakúrfum samhverft upp og niður (ekki er leyfilegt að fara niður fyrir 0% vexti) út líftímann í samræmi við viðmiðunarreglur EBA.'</p>
71	Landsbankinn hf.	Annex II 5.1 gr.	<p>EBA mælir með að öryggisbil daglegra hreyfinga raun- og nafnvaxta sé skalað upp í ár, án frekari lýsingar um hvernig það skuli gert.</p> <p>FME velur að margfalda með kvaðratrót af 240, sem gerir ráð fyrir normaldreifingu vaxta með fast staðalfrávik.</p> <p>Hér vantar nánari rökstuðning á því af hverju þessi leið er valin.</p> <p>Þessi leið horfir framhjá núverandi vaxtastigi og þeirri hegðun vaxta að leita aftur í langtímameðaltal (e. mean reversion).</p> <p>Til að taka tillit til mean reversion vaxta, mælum við með að horfa á sögulegar ársbreytingar á vöxtum (í stað daglegra breytinga).</p>

72	Landsbankinn hf.	Annex II 5.1 gr.	<p>Í stað modified duration, þá væri mun nákvæmara, skilvirkara og einfaldara að endurverðleggja eignir og skuldir m.v. hliðruðu risk-free vaxtakúrfurnar (bæði upp og niður).</p> <p>Er möguleiki að fá að meta verðbreytingar með endurverðlagningu, sem tæki þá tillit til convexity, í stað línulegrar nálgunar með modified duration?</p> <p>Endurverðlagning myndi líka virka vel fyrir sviðsmyndir, þar sem vextir breytast mismikið eftir vaxtatímabili.</p>
73	Landsbankinn hf.	Annex II 5.1 gr.	<p>Óljós hugtök og setningarbygging.</p> <p>Hér er minnst á 0% vaxtagólf.</p> <p>Á þetta við um vaxtagólf sem er hugsanlega tiltekið í einstaka samningum?</p> <p>Eða er átt við að beita vaxtagólfi þegar vaxtakúrfum er hliðrað?</p>
74	Landsbankinn hf.	Annex II 6.2 gr.	<p>Eins og bankinn hefur bent á áður, er speglun á mánaðarlegri verðbólgu ekki lýsandi fyrir verðbólguþróun. Enda er óþarfi að spegla verðbólgutölurnar, vegna þess að 1% MVaR fæst einfaldlega með því að setja $z=-2,33$ í formúluna.</p> <p>Einnig er ekki gert ráð fyrir árstíðabundnum hreyfingum í verðbólgu milli mánaða.</p> <p>Ef nota á mánaðarverðbólgu, þá þarf að draga frá meðalmánaðarverðbólgu fyrir þann mánuð til að leiðrétta fyrir árstíðabundnar hreyfingar.</p> <p>Einnig væri hægt að nota ársverðbólgu, sem (skv. skilgreiningu) inniheldur ekki árstíðabundnar hreyfingar.</p> <p>Engu að síður þykir okkur flækja aðferðafræðina að nota MVaR.</p> <p>Við mælum með að nota sögulega þróun á ársverðbólgu, finna 1% og 99% sögulegt öryggisbil, og draga frá meðalársverðbólgu.</p> <p>Með þessum einföldu tölfræðilegu útreikningum, fæst svipað hlutfall fyrir jákvæðan jöfnuð en töluvert hærra gildi fyrir neikvæðan jöfnuð.</p> <p>Að lokum er mikilvægt að athuga að ársverðbólga hverju sinni hefur mikil áhrif á framtíðarbreytingar á verðbólgu.</p>

			<p>Út frá vísitölu neysluverðs 2001-2017, sést á síðasta grafinu hér til hliðar að ársverðbólga hverju sinni hefur mikil áhrif á ársbreytingar ársverðbólgu (og þ.a.l. öryggisbil).</p> <p>Í stað þess að FME tiltaki fasta hliðrun ársverðbólgu (3.53%/6.46%), mælumst við til að FME taki tillit til núverandi ársverðbólgu til að ákvarða hliðrun hennar.</p>
--	--	--	--